



---

# HVERSU GÓÐUR ER SKÓLINN OKKAR SJÁLFSMATSSKÝRSLA TRÖLLABORGAR

---

Veturinn 2024-2025



Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir

## Efnisyfirlit

Meginniðurstöður .....	3
Yfirlit matsþátta Gæðagreina á árinu og einkunnagjöf .....	4
Inngangur .....	5
Leikskólinn Tröllaborg .....	5
Starfsfólk Tröllaborgar .....	5
Nemendur .....	6
Húsnæði .....	6
Áherslupættir í starfi Tröllaborgar .....	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats .....	7
Framkvæmd matsins .....	8
Sjálfsmatsteymi .....	10
Hlutverk teymis .....	10
Sjálfsmat skólaárið 2024-2025 .....	10
Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025 .....	14
Eftirfylgni/endurmat umbótaáætlunar .....	16
Viðhaldslisti .....	17
Mat á starfsáætlun .....	20
HR Monitor .....	22
Yfirlit yfir niðurstöður mannauðsmælinga 2024-2025 .....	23
Skólapúlsinn – foreldrakönnun .....	23
Áætlun um sjálfsmat 2025-2028 .....	27
Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er skólinn okkar?</i> .....	28

## Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var kosið sjálfsmatsteymi sem hafði það hlutverk að halda utan um og skipuleggja sjálfsmat leikskólans samkvæmt sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Alls voru lagðir fyrir 7 gæðagreinar til mats og umbóta. Heildareinkunn hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreini og umbótaáætlanir sem þátttakendur í mati lögðu fram.

Í skýrslunni er sett fram þriggja ára áætlun sem byggir á gæðaviðmiðum sjálfsmatsaðferðarinnar. Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í sjálfsmatinu sem fór fram á starfsdegi og á starfsmannafundum.

Starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins eru lagðar fyrir annað hvert ár. Þann 1. febrúar 2025 var lögð könnun fyrir foreldra. Rýnt hefur verið í niðurstöður, unnið með þær og heildarsamantekt sett í skýrsluna.

Haustið 2024 var ákveðið að fá HR Monitor til að leggja fyrir starfsfólk sveitarfélagsins reglulegar mannauðsmælingar. HR Monitormælingar mæla átta flokka og eru spurningar notaðar til að fá fram upplýsingar og fá starfsfólk til að líta meira inn á við. Skólaárið 2024-2025 voru lagðar fyrir fimm mælingar. Niðurstöður og umbætur voru ræddar á starfsmannafundum og settar í starfsmannapóst.

## Yfirlit matsþátta Gæðagreina á árinu og einkunnagjöf

Matsfundur 26. nóvember 2024	Einkunnargjöf
g.g 1.2 Forysta í leikskólastarfi	5,4 <sub>1/2</sub> , 5

Matsfundur 2. janúar 2025	Einkunnargjöf
g.g 4.4 Tónlist	4,5,4

Matsfundur 25. febrúar 2025	Einkunnargjöf
g.g 4.6 Hópastarf	5,5
g.g 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5,5

Matsfundur 1. apríl 2025	Einkunnargjöf
g.g 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5,5,5,4
g.g 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	5,5,5,4

Matsfundur 6. maí 2025	Einkunnargjöf
g.g 2.3 Nám, kennsla og mat	5,5

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ítarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka I.

<b>Einkunnagjöf skv. sjálfsmatsaðferðinni</b> <b>Hversu góður er leikskólinn okkar</b>
Einkunn 6 - framúrskarandi
Einkunn 5 - mjög gott
Einkunn 4 - gott
Einkunn 3 - fullnægjandi
Einkunn 2 - slakt
Einkunn 1 - ófullnægjandi

## Skólapúslinn - foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg í febrúar 2025. Könnunin mælir 31 þætti í 6 flokkum. Niðurstöður hvers aldurhóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl. Svarhlutfall var 95,2% en samtals svöruðu 20 foreldrar af 21 könnuninni, 60% foreldra á Hofsósi og 40% foreldra á Hólum. Hafa þarf í huga að sökum smæðar leikskólans, hefur hvert svar mikið vægi og skal rýna í niðurstöður með það fyrir augum.

## Inngangur

Samkvæmt *lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsfólki og foreldrum leikskólans en ytra mat af sveitarfélaginu eða Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Í Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti leikskólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddi aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017 og hófst innleiðing á aðferðinni á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabíl notaði leikskólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku alls starfsfólks í matinu.

## Leikskólinn Tröllaborg

### Starfsfólk Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir. Deildarstjórar eru tveir; Ásrún Leósdóttir á Hofsósi og Christine Hellwig á Hólum. Fjöldi

starfsfólks í Tröllaborg 1. október 2024, voru alls 14 að meðtöldum leikskólastjóra í 12,413 stöðugildum. Einn var í veikindaleyfi.

### Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	1
Deildarstjóri/leikskólakennari	3	2,8
Leikskólakennari	2	1,3
Háskólamenntaður starfsm.	1	0,563
Starfsmaður í leikskóla	4	4
Ræsting/afleysing	1	0,975
Matráður á Hofsósi/starfsm.inn á deild	1	0,975
Matráður á Hólum/ræsting á skrifstofum	1	0,8
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>12,413 stöðugildi</b>

### Nemendur

Þann 1. október 2024 voru alls 27 nemendur í leikskólanum, 16 á Hofsósi og 12 á Hólum en eftir áramótin urðu þau 17 á Hofsósi og 13 á Hólum.

### Nemendafjöldi eftir árgöngum 1. október 2024

Árgangur	Nemendafjöldi
2019	4
2020	4
2021	7
2022	4
2023	8
<b>Samtals</b>	<b>27</b>

### Húsnæði

Haustið 2003 var sameinuðust leikskólarnir í austanverðum Skagafirði undir einn hatt og hlaut leikskólinn nafnið Tröllaborg. Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum; á Hofsósi og á Hólum í Hjaltadal. Leikskólinn er í sambyggðu húsnæði með grunnskólanum á Hofsósi.

## Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur í leikskólastarfinu og mótast þær af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu, ytri aðstæðum, menntun og reynslu starfsfólks og þeim kenningum sem litið er til við skipulagningu starfsins. Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn *Menntastefnu Skagafjarðar og Aðalnámskrá leikskóla*. Aðaláhersla er lögð á leikinn, læsi, umhverfismennt, skapandi starf og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best á eigin forsendum. Þá er litið til kenninga Johns Dewey er lagði áherslu á að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga Lev Vygotsky sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþætti. Því leggur starfsfólk ríka áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólks í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu. Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Lykilatriði er að allt starfsfólk leikskólans komi að sjálfsmatinu. Tröllaborg hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* til að meta eigin vinnu og finna sterkar

hliðar starfsins, finna þá þætti sem þarf að bæta og gera þróunaráætlanir til endurbóta.

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á að skólastarfinu sé skipt í eftirfarandi þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. Að auki hefur starfsfólk unnið sjálft sína lykilþætti byggða á sérstöðu leikskólans.

1. *Forysta og stjórnun*
2. *Námsskilyrði*
3. *Velgengni og árangur*
4. *Aðrir lykilþættir úr Tröllaborg s.s. útikennsla, samvera, tónlist, mótuneyti og hópastarf.*

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar.

1. *Hvernig stöndum við okkur?*
2. *Hvernig vitum við það?*
3. *Hvað gerum við næst?*

Með sjálfsmatsstefnunni fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Við notum einkunnaskala frá 1-6 til að meta gæðagreinana. Sett eru fram viðmið t.d. um einkunnina 5 eða **mjög gott**, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið leikskólastarfsins. Hljóti leikskóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnarskala í viðauka I.

### **Framkvæmd matsins**

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu leikskólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat síðar í skýrslunni.

Starfsfólk vinnur að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum (deildarskipt eða blandaðir hópar) og matsþáttum hverju sinni. Eitt matseyðublað fylgir hverjum gæðagreini, þar sem sjálfsmatsteymið setur saman matseyðublað annars vegar úr *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Skólar eru hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að leikskólastarfi á hverjum stað. Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskala sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast umbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“. Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

**Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fimm skref:**

***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á.

***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.

***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf.

**Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnunótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.

### **Eftirfylgni umbóta.**

## **Sjálfsmatsteymi**

Á hverju hausti kýs starfsfólk sjálfsmatsteymi sem sér um skipulagningu á sjálfsmatinu. Þau sem skipa sjálfsmatsteymi veturinn 2024-2025 voru Eyrún B. Guðmundsdóttir, Ólinga Björnsdóttir og Jóhanna Sv. Traustadóttir.

### **Hlutverk teymis**

Sjálfsmatsteymið ákveður hvaða gæðaviðmið og gagnlegu spurningar eru valdar. Starfsfólki er skipt upp í tvo, þrjá eða fjóra hópa og skiptir sjálfsmatsteymið og/eða leikskólastjóri starfsfólki í hópa og stýrir vinnunni. Leikskólastjóri sér um skýrslugerð sem skilað er til sviðstjóra fjölskyldusviðs og birt á heimasíðu leikskólans.

## **Sjálfsmat skólaárið 2024-2025**

Sjálfsmatið fór fram á starfsdegi og á starfsmannafundum. Starfsfólki var skipt upp í tvo, þrjá eða fjóra hópa. Oftast var blandað saman í hópa, þvert á deildar. Sjálfsmatsvinnan útskýrt fyrir nýju starfsfólki. Vinna við matið gekk vel enda starfsfólk orðið vant þessari vinnu.

<b>Matsfundur 26. nóvember 2024</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 1.2 Forysta í leikskólastarfi	5,4 <sub>1/2</sub> , 5

### **Mat á gæðagreini 1.2 Forysta í leikskólastarfi**

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum. Sterku þættirnir snúa að góðri skipulagningu á símenntun sem tryggir að allt starfsfólk fái reglulega tækifæri til að læra með og af hvert öðru. Á starfsdögum þegar allt starfsfólk er saman fær það fræðslu og rými til umræðna. Styrkleikar búa einnig í fjölda faglærðra og mikilli starfsreynslu í starfsmannahópnum. Reynslan og

afar gott upplýsingastreymi frá leikskólastjóra og deildarstjóra skiptir miklu máli. Styrkleikar birtast líka í skipulaginu þar sem börnin leiða oft námið, skipulagið er flæðandi og börnin fá frelsi til að gera það sem þeim langar. Starfsfólk er ánægt með öll námskeið sem í boði eru því þau hjálpa starfsfólki að öðlast víðsýni, sveigjanleika og skilning á uppeldi og menntun barna.

Allt starfsfólk hefur áhuga á að sækja þekkingu um uppeldi og menntun en veikleikar leikskólans snúa að því að ófaglærðir fá færri tækifæri til að sækja námskeið um kennslufræði eða uppeldi barna en þeir sem eru faglærðir. Sóknarfæri felast í að símenntunaráætlun leikskólans mætti vera sýnilegri starfsfólki og er það í höndum leikskólastjóra að kynna hana betur.

<b>Matsfundur 2. janúar 2025</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 4.4 Tónlist	4,5,4

#### Mat á gæðagreiðni 4.4 Tónlist

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum. Sterku þættirnir eru að tónlist er hluti af daglegu leikskólastarfi, skipulagðar söngstundir, spiluð er fjölbreytt tónlist og fléttast hún inn í aðra námsþætti. Sóknarfæri liggja í að starfsfólk hefur áhuga á að efla þekkingu og færni í tónlist með börnum, búa til öryggi hjá starfsfólki til að taka af skarið í söngstundum t.d. með því að nota Spotify eða spila á hljóðfæri og efla þannig þátttöku þeirra í söngstundum. Á Hólum er gítarleikari sem veitir öðrum öryggi í að taka af skarið og syngja. Skortur á hljóðfærum á Hofsósi stendur starfsfólki fyrir þrifum til að hægt sé að nota þau markvisst í hópastarfi eða söngstundum. Tónlistarupplifun mætti vera fjölbreyttari á Hólum.

<b>Matsfundur 25. febrúar 2025</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 4.6 Hópastarf	5,5
g.g 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5,5

#### Mat á gæðagreiðni 4.6 Hópastarf

Gæðagreininirinn var metinn í tveimur hópum. Styrkleikar byggjast á að tækifæri er til að aldursskipta börnum í hópa þar sem verkefni eru valin með tilliti til getu og áhuga hópsins. Í hópastarfi er unnið með ýmis verkefni og leiki er tengjast málörvun, stærðfræði og sköpun. Tónlist er í samverustundum, ekki hópastarfi. Styrkleikar felast einnig í reynslu starfsfólks sem eru virkir og áhugasamir. Tækifæri er til að efla markvissa hreyfingu hjá öllum aldurshópum á Hofsósi nema elstu börnum sem fara í íþróttir með börnum í 1. og 2. bekk vikuleg. Á Hólum er markviss hreyfing einu sinni í viku hjá öllum. Sóknarfæri liggja í að kynna fyrir starfsfólki betur náms- og kennsluefni sem er til og hvernig efnið nýtist í kennslu.

### Mat á gæðagreini 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat

Gæðagreininirinn var metinn í tveimur hópum. Styrkleikar liggja í að unnið er markvisst eftir sjálfsmatsáætlun, matstæki notuð markvisst, sífelld umræða er um starfið og starfsfólk kynnir sér rannsóknir og nýjungar. Allir taka þátt í sjálfsmati og alltaf unnið að því að bæta starfið. Í gegnum Skólapúlsinn (foreldrar og starfsfólk), foreldraviðtöl tvisvar á ári, árlega foreldrafundi, starfsmannafundi, skipulagsdaga, deildarfundi og samverustundir hafa allir hagsmunaaðilar tækifæri til að taka þátt í skipulagi til umbóta. Flest fræðsla tengist niðurstöðum úr sjálfsmati, starfsfólk spurt út í hvaða námskeið og fræðslu það vill fá og er hvatt til fara á námskeið. Tækifæri til úrbóta liggja í að virkja foreldra meira í sjálfsmati.

Matsfundur 1. apríl 2025	Einkunnargjöf
g.g 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	5,5,5,4
g.g 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	5,5,5,4

### Mat á gæðagreini 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna

Gæðagreininirinn var metinn í þremur hópum. Styrkleikar felast í að öllum börnum er gefin tækifæri á virkri þátttöku í starfinu, unnið er með niðurstöðum úr þroska- og námsmati og viðeigandi námsgögn nýtt. Tryggt er að börn hafi skilning á eigin framförum með hrósi, læra af öðrum (yngri

– eldri), í umræðum við börnin og þegar börnin eru farin að sýna árangur með aukinni færni. Styrkleikar felast í að starfsfólk talar íslensku við börnin, það eru virkar samræður í öllu starfi með börnum t.d. í matartímum, í fataklefa, í hópastarfi, samverustundum og í leik. Notaðar eru áhrifaríkar leiðir til að fylgjast með framförum og árangri barna t.d. reglulegt mat á málproska, stærðfræði og hreyfigetu. Foreldrar eru látnir vita af matinu m.a. í gegnum dagleg samskipti, foreldraviðtöl tvisvar á ári, og foreldrafundi. Framlagi barna og árangri þeirra er fagnað með hrósi, umræðum, myndlistarsýningu, danssýningu, bókadegi, hlutir að heiman til að sýna og daglegri umræðu. Styrkleikar liggja í jákvæðu viðhorfi til starfsins og gjöfumu ímyndunarafli. Tækifæri til umbóta snúa að upplýsa allt starfsfólk um námsmat og árangur barna sem og að öðlast meiri færni í að meta tilfinningar og líðan barna.

### Mat á gæðagreini 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn í fjórum hópum. Styrkleikar felast í góðum samskiptum og fagmennsku, starfsfólk er duglegt að sækja endurmenntun og smæðin hefur jákvæð áhrif á samskipti og samvinnu. Styrkleikar búa í að foreldrar eru virkjaðir til þátttöku í foreldraráði og -félagi, bókasafni á Hólum, uppbrotsdögum eins og sérstökum litadögum, Lubba í gegnum staf vikunnar, daglegum samskiptum, upplýsingar á ensku ef þarf, skilaboðum á töflu, upptökum sem foreldrar taka þátt í og foreldraviðtölum. Allt starfsfólk er upplýst um gæðagreina á starfsmannafundum, reglulega farið í gæðagreina til að auka gæði starfsins. Námsárangur eykst vegna þátttöku foreldra, námsárangur sést á niðurstöðum prófa/mats og ríkum samskiptum milli foreldra og leikskóla. Afstaða foreldra til leikskólans hefur afgerandi áhrif á hvernig viðkomandi barni líður og kemur til með að nýta sér það sem boðið er upp á. Ef leikskólinn er talaður niður heima, hefur það áhrif á upplifun barnsins í leikskólanum. Bókasafnið á Hólum er mikilvægt til að fá fjölskyldur til að taka þátt í starfinu. Styrkleikar felast í góðu upplýsingaflæði til foreldra um allt er varðar leikskólastarfið í gegnum þátttöku í foreldrasamtölum, tölvupóstsamskiptum, daglegum samskiptum og

Karellen. Tækifæri felast í að bæta upplýsingar um tilgang gæðagreina og niðurstöður þeirra, nota töfluna í anddyri meira og gæta að allt starfsfólk sé samstíga.

<b>Matsfundur 6. maí 2025</b>	<b>Einkunnargjöf</b>
g.g 2.3 Nám, kennsla og mat	5,5

### Mat á gæðagreinir 2.3 Nám, kennsla og mat

Gæðagreinirinn var metinn í tveimur hópum. Styrkleikar birtast í hversu vel við hvetjum og virkjum öll börn til þátttöku og að slík hvatning og virkni sé órjúfanlegur þáttur í daglegu starfi t.d. með því að gefa börnum val, hvetja þau til þátttöku, hrósa, styðja og styrkja. Styrkleikar birtast í að með ýmsum þroska og matslistum, fylgjast vel með þeim í leik og starfi, vitum við að börn nái framförum í námi. Fylgst er vel með hreyfi-, mál- og stærðfræðiþroska og er mat óaðskiljanlegur hluti náms og kennslu og notað á skilvirkan hátt í undirbúning á bæði skipulögðu starfi sem og í almennu starfi með börnum. Styrkleikar felast einnig í að notaðari eru viðurkenndir matslistar og niðurstöður notaðar til að efla nám og kennslu. Starfsfólk ræðir saman um stöðu barna reglulega og fer á ýmis námskeið til að fá grunn til að meta framfarir. Helstu áskoranir eru að starfsfólk telur að þörf sé hæfni eða verkfærum til að geta metið betur andlega og tilfinningalega þætti hjá börnum. Starfsfólk telur að það þurfi að vera duglegra við að hvetja börn í sjálfsprottum leik, þau endast stutt þegar þeim er komið í leik. Helstu áskoranir eru einnig að ytri þættir hafa áhrif á framfarir barna í námi s.s. tími og mannekla.

### Mat nemenda

Þetta árið tóku nemendur ekki þátt í innra mati á skólastarfinu eins og áætlað var.

## Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025

<b>g.g. 1.2 Forysta í leikskólastarfi</b>
---

<b>Hvað þarf að gera?</b>
Sýnileiki símenntunaráætlunar þarf að vera meiri.
Ófaglærðir fá tækifæri til að sækja námskeið um kennslufræði og menntun barna.

<b>g.g. 4.4 Tónlist</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Fá fræðslu/námskeið fyrir starfsfólk um tónlist með börnum.
Kaupa inn hljóðfæri á Hofsós (engin til).
Markvissari notkun á kennsluefni tengd tónlist.
Setja inn tónlist í skipulögðu hópastarfi.
Styðja nýtt starfsfólk í samveru t.d. með notkun Spotify.
Styðja starfsfólk til að taka af skarið og byrja syngja í samverustund.
Meira öryggi til staðar ef spilað er á gítar.

<b>g.g. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Verkfæri til að meta tilfinningar og líðan barna.
Deildarstjórar upplýsa starfsfólk um niðurstöður mats- og þroskalista.

<b>g.g. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Starfsfólk sé samstíga, að samskipti við foreldra séu hrein og bein.
Nota töfluna í anddyri meira.
Betri upplýsingar um tilgang gæðagreina og niðurstöður þeirra.
Virkja foreldra meira.

<b>g.g. 4.6 Hópastarf</b>
<b>Hvað þarf að gera?</b>
Setja hreyfistundir á dagskrá vikulega.
Kynna fyrir öllu starfsfólki hvaða náms- og kennsluefni er til.

### **g.g. 2.3 Nám, kennsla og mat**

Hvað þarf að gera?

Vantar matstæki til að meta betur andlega- og tilfinningaþáttinn hjá börnum.

Gefa tíma til ígrundunar og samræma aðgerðir ef þarf.

### **g.g. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Hvað þarf að gera?

Virkja foreldra meira í sjálfsmati.

### **Eftirfylgni/endumat umbótaáætlunar**

Farið var yfir þróunaráætlun sjálfsmats og eru niðurstöður úr því hér.

#### **g.g. 1.2 Forysta í leikskólastarfi**

Sýnileiki símenntunaráætlunar þarf að vera meiri.	Leikskólastjóri – kynna á starfsmannafundum og setja í starfsmannapósta.
Ófaglærðir fá tækifæri til að sækja námskeið um kennslufræði og menntun barna.	Leikskólastjóri og Farskólinn. Nota starfsdaga. Skoða hvað er í boði.

#### **g.g. 4.4 Tónlist**

Kaupa hljóðfæri í Hofsósi.	Leikskólastjóri í samstarfi við starfsfólk.
Fræðslu/námskeið um tónlist með börnum.	Leikskólastjóri athugar það.

#### **g.g. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna**

Verkfæri til að meta tilfinningar og líðan barna.	Heillaspora námskeið - leikskólastjóri
Upplýsa starfsfólk um niðurstöður mats- og þroskalista.	Deildarstjórar.

#### **g.g. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi**

Starfsfólk samstíga, samskipti við foreldra séu hrein og bein.	Leikskólustjóri setur línurnar. Allir taka undir.
Nota töfluna í anddyri meira.	Allt starfsfólk.
Betri upplýsingar um tilgang gæðagreina og niðurstöður þeirra.	Leikskólustjóri á starfsmannafundum og foreldrafundum.
Virkja foreldra meira.	Leikskólustjóri þarfagreininir og leitar leiða til að sjá hvað foreldrar óska eftir.

### **g.g. 4.6 Hópastarf**

Setja inn markvissa hreyfistundir fyrir alla árganga nema elsta á Hofsósi.	Deildarstjóri í samráði við starfsfólk deildarinnar skipuleggur hreyfistundir vikulega.
Kynna náms- og kennsluefni fyrir hópastarf.	Á starfsdögum væri hægt að skipuleggja sýnikennslu og skoða námsefni sem til er.

### **g.g. 2.3 Nám, kennsla og mat**

Búa til gæðagreini um andlega og tilfinningalega þætti barna.	Leikskólustjóri athugar þetta hjá hinum leikskólustjórunum. Athuga hvort Heillaspor eigi þetta til.
Gefa tíma til ígrundunar og samræmingar. Skortur á tíma og mannskap.	Deildarstjórar gefa tíma á deildarfundum. Nýta undirbúningtíma ef hægt.

### **g.g. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat**

Virkja foreldra meira í sjálfsmati.	Allt starfsfólk með spjalli, hvetja til þátttöku í könnunum, spurninga á foreldrafundi og/eða viðtölum um starfið.
-------------------------------------	--

## **Viðhaldslisti**

Viðhaldslistinn í sjálfsmatsáætluninni er nokkuð langur listi en margt komið til framkvæmda á síðustu árum eins og sjá má í fyrri starfsáætlunum. Ekki má gleyma að það kemur oft eitthvað óvænt upp á sem þarf viðhalds strax og hefur gengið vel að fá það gert.

Í töflunni er að finna viðhaldslista fyrir leikskólahúsnæðið **Skólagötu 4 á Hofsósi** ásamt mati á hversu áriðandi er að leysa hvert atriði á listanum.

Viðhaldslisti - Hofsósi	Ástæða	Mikilvægi
Gólfhitinn í nýja leikskólanum virkar alls ekki sem skyldi.	Hitastillar stemma ekki við gólfsvæðið sem þeir eru á.	2-Mikilvægt
Loftræstikerfi – þarf að opna fyrir túðurnar 2-4x í viku.	Lokast reglulega. Tengill búinn að skoða, held það þurfi að skipta um skynjara.	2-Mikilvægt
Vantar ljós fyrir ofan inngang að austan (tjaldst.megin).	Engin lýsing.	2-Mikilvægt
Frágangur á brunni á leikskólalóð. <i>Búið að laga einu sinni en brunnlok stendur enn uppúr.</i>	Grasið á brunnlokinu er farið af. Mjög auðvelt að færa lokið til þannig að brunnurinn opnist og börn falli niður.	1-Afar áriðandi
Rafmagns-/handstýrð opnun á 4 gluggum. Gluggar hátt uppi inn í WC starfsmanna, skáparými starfsmanna, geymslu og fyrir ofan brunaútgang innst á gangi.	Gluggarnir eru mjög ofarlega ca í 2 m hæð og ekki hægt að opna og loka nema stíga upp á stíga eða stól.	3-Þarf að fara í
Renna til að hengja upp þungar myndir á léttan vegg inn á deild.	Viljum ekki negla í sjónsteypuveggina né í léttu veggina. Frekar á fá rennu.	3-Þarf að fara í
Hækka neðri innréttingu inn á deild.	Of lág fyrir starfsfólk að vinna við.	3-Þarf að fara í
Vaskurinn er of lágur fyrir elstu börnin í leikskólanum, en mátulegur fyrir yngstu börnin.	Elstu börnin þurfa að krjúpa við vaskinn til að vera í réttri hæð. Veit ekki hvað hægt er að gera í þessu.	2-Mikilvægt
Niðurfall í vaski inn á deild er enn með tregðu.	Safnast reglulega í það slím og kemur tregða. Búið að taka „bollann“ í burtu og sjá hvernig það kemur út. Svo var settur	1-AFAR Mikilvægt

<b>ÞARF EITTHVAÐ ANNAD TIL AÐ ÞETTA VIRKI.</b>	nýr. þarf enn að hreinsa reglulega.	
Festa gólflista inni í undirbúningsherbergi.	Eru lausir.	4-Getur beðið
Plötur í þurrkgrind fyrir myndlist.	Vantar að útbúa plötur í grindina. <i>Eigum til plastefni í plötturnar.</i>	2-Mikilvægt
Setja upp rúllugardínur inn í leikhorni.	Gardínur eru til á Hofsósi, bíða uppsetningar. Mikil sól og hitamyndun inn í rýminu.	2-Mikilvægt
Hækka hurðahúna inn í eldhús, geymslu, undirbúningsherbergi og inn í hvíld.	Hindra að börnin komist inn í þessi rými.	2-Mikilvægt
Þakrenna yfir hurð á útiskúr.	Rennur vatn og býr til klaka.	1-Afar mikilvægt
Snjóbræðslan enn ekki nógu virk inn á lóð.	Bræðir ekki snjó, hálkumyndandi inn á leiksvæði.	1-Afar mikilvægt

Í töflunni er að finna viðhaldslista fyrir leikskólahúsnæðið á **Hólum í Hjaltadal** ásamt mati á hversu áriðandi er að leysa hvert atriði á listanum.

<b>Viðhaldslisti - Hólar</b>	<b>Ástæða</b>	<b>Mikilvægi</b>
Vantar merkingu þar sem hvatt er til að hafa bifreiðar ekki í gangi.	Útblástur mengar – hugum að umhverfinu.	4-Getur beðið
Gluggar á vesturhlið leikskólahlutans þarf að skipta út (hliðin sem snýr að bílastæðum). <i>Verður farið í sumar 2026.</i>	Gluggakarmar fúnir, lekur inn um þá í miklum vatnsveðrum, erfitt að opna og loka opnanlegu fögin.  Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits NV, 30.04.2025.	1-Afar mikilvægt
Þarf að laga undir sullavask inn á deild.	Vaskurinn bungar upp í miðjunni þar sem niðurfallið	4-Getur beðið

	er, alltaf vatn í hornunum m.t.t. þrifa.	
Skólahúsnæðið sjálft er ómerkt (m.t.t. aðkomu viðbragðsaðila).	Merkingar um hvar leikskóli er, öryggisatriði fyrir viðbragðsaðila.	2-Mikilvægt
Leiðarlýsing inn í eldhúsi þarf að færa EÐA setja annað ljós á réttan stað.	Leiðarlýsing sést ekki, er á röngum stað. Sjá úttekt frá Brunavörnum Skagafjarðar 15.10.2025.	1-Afar áriðandi
MJÖG vond holræsalykt kemur upp úr holræsi fyrir framan úthurð leikskólans á Hólum. <i>Viðvarandi vandamál á vorin, sumrin og haustin.</i>	MJÖG vond lykt kemur upp úr holræsinu. Verður a.m.k. að kítta fyrir lokið því þetta er við inngang leikskólans þar sem börn og foreldrar koma inn OG inn á leiksvæði barna.	2-Mikilvægt
Neyðarlýsing inn á deild, inn í hvíld og í innra fataherbergi þarf að yfirfara og laga.	Neyðarlýsingin er alltaf logandi. Sjá úttekt frá Brunavörnum Skagafjarðar 15.10.2025.	2-Mikilvægt
Setja hækkun undir þvottavél og þurrkara inn í þvottahúsi (Námu).	Bæta vinnuaðstöðu.	2-Mikilvægt
þarf að mála inn í anddyri.	Almennt viðhald. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits NV, 30.04.2025.	3-þarf að fara í

## Mat á starfsáætlun

Mat á starfsáætlun fór fram á starfsmannafundi haustið 2025 og var farið sameiginlega yfir hvern kafla og merkt hvað var gert og hvað komst ekki í verk.

Starfsþróunarsamtöl	
Allir starfsmenn eiga rétt á samtali við leikskólastjóra	Lokið (júní)

<b>Símenntunaráætlun 2024-2025</b>	
Fræðsludagur (ýmis fræðsla).	Allt starfsfólk.
Haustþing leikskóla (Lubbanámskeið, fræðsla frá lögreglunni um birtingarmyndir heimilisofbeldis, samfélagslöggæslu í leikskólanum og ábyrgð samfélags í uppeldi barna).	Allt starfsfólk.
Ýmis fagnámskeið tengd málörvun, þroskamati t.d. PECS, AEPS oþh.	Starfsfólk sækir í þau námskeið sem þarf.
Fræðsla um einhverfu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.	Allt starfsfólk á starfsmannafundi haust 2025.
„Hvað liggur á bak við erfiða hegðun barna“ frá Aðalheiði Sigurðardóttur ráðgjafa á fjölskyldusviði.	Foreldrafundur í október 2024. Allt starfsfólk.
„Hvað triggerar mig?“ frá Aðalheiði Sigurðardóttur ráðgjafa á fjölskyldusviði.	Allt starfsfólks á starfsdegi í janúar 2025.
SMT upprifjun, amk einu sinni á ári.	Núverandi agastefna er í skoðun.
Söguskjóðugerð.	Allt starfsfólk á starfsdegi í janúar 2025.
Peppandi fyrirlestur fyrir starfsfólk (Teams).	Allt starfsfólk á starfsdegi í mars 2025.
Fyrirlestur um ræktun og sáningu með leikskólabörnum (Teams).	Allt starfsfólk á starfsdegi í mars 2025.
Geðheilsuáttak Skagafjarðar frá Mental ráðgjöf. Þrjár fyrirlestrar á netinu og verkefni í kjölfarið; „Hvað ef vinnan væri góð fyrir geðheilsuna“, „Uppskrift að góðri geðheilsu“ og „Samskipti, sjálfstyrk hegðun og mörk í lífi og starfi.“	Öllu starfsfólki gefinn kostur á að nýta sér þessar fræðslur í apríl og maí 2025.
KVAN námskeið fyrir stjórnendur.	Leikskólastjóri á vorönn 2025.
Netnámskeið hjá BOFS um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.	Allt starfsfólk vorið 2025.
Náms- og kynnisferð til Helsinki. Skoða Montessori leikskóla og útikennsluskóla. Fræðsla um SEE THE	Langflest starfsfólk í apríl 2025.

GOOD ásamt kynningum á ýmsum smáforritum (varðandi lestur oþh).	
---	--

## Starfið

Í heild sinni gekk starfið ágætlega fyrir sig þrátt fyrir óvenju erfið áföll fyrr á leikskólaárinu. Um haustið skilaði spretthópur um nýja nálgun í leikskólamálum frá sér skýrslu og tók ný gjaldskrá og skráningardagar í gildi 1. október 2024. Það urðu breyttar forsendur á samstarfi milli leik- og grunnskólans þar sem grunnskólinn er aðeins staðsettur á Hofsósi frá haustinu 2024 og þurfti þennan vetur til að skoða hvernig samstarfinu verði háttað í framtíðinni. Skólahópsheimsóknir urðu mun færri en áður og þegar leið á vorið voru engin skólahópsbörn í leikskólanum á Hólum og því reyndi ekki á það. Á þessum skólavetri þurfti að loka þrisvar á Hofsósi og einu sinni á Hólum vegna slæmra umgangspesta sem gengu yfir.

## HR Monitor

HR Monitor senda reglulegar mannauðsmælingar til starfsfólks og byggir á þeirri hugmyndafræði að það sé mikilvægt að styðja við stjórnendur og að hlustað sé á allt starfsfólk. HR Monitor hefur ISIO27001 staðal um upplýsingaöryggi. Mælingar eru flokkaðar í eftirfarandi átta flokka og er ein spurning lögð fyrir í hverri mælingu úr hverjum flokki.

- Starfsánægja
- Sjálfstæði til ákvarðanatöku
- Stuðningur frá stjórnendum
- Kröfur um árangur
- Skýr framtíðarsýn
- Áhugi, virðing og hollusta
- Þjálfun og þróun

Kerfið býður upp á 550 spurningar út frá fimm punkta Likers-kvarða sem er algengasti upplifunarkvarði á heimsvísu. Spurningarnar eru alltaf fullyrðingar sem hægt er að merkja við; mjög sammála, sammála, hlutlaus, ósammála, mjög ósammála eða á ekki við. Svörin eru síðan litakóðuð þar

sem grænt er mjög sammála, gult er sammála og rautt er hlutlaust, ósammála og mjög ósammála, sjá hér:

Mjög góður árangur  
**4,20 - 5,00**

Góður árangur  
**3,70 - 4,19**

Meðal góður árangur og undir  
**1,00 - 3,69**

Framsetning á niðurstöðum fyrir stjórnendur er einföld og myndræn í kerfinu en einnig er hægt að kafa dýpra ef þess er þörf, þó ekki er hægt að rekja til einstaklinga. Starfsfólk fær sendar niðurstöður í tölvupósti.

## Yfirlit yfir niðurstöður mannaðsmælinga 2024-2025

Nafn	2024					2025	
	nóv	des	feb	apr	jún	júl	ágú
Árangur	4,16	4,18	4,18	4,30	3,99		
Gæði & tengsl	4,27	4,27	4,33	4,62	4,17		
Starfsánægja	4,27	4,27	4,42	4,77	4,00		
Sjálfstæði til ákvarðanatöku	4,13	4,27	4,17	4,31	4,25		
Stuðningur frá stjórnendum	4,33	4,36	4,33	4,38	4,00		
Kröfur um árangur	3,80	4,10	4,25	3,70	3,58		
Skýr framtíðarsýn	4,13	4,36	4,25	4,00	3,83		
Áhugi, virðing & hollusta	4,00	3,73	4,08	4,46	4,00		
Þjálfun & þróun	4,38	4,09	3,64	4,15	4,08		
<b>Fjöldi</b>	<b>15</b>	<b>11</b>	<b>12</b>	<b>13</b>	<b>12</b>		
Tröllaborg	4,16	4,18	4,18	4,30	3,99		

Alls voru fimm kannanir sendar á skólaárinu og eru niðurstöður þeirra að sjá hér í töflunni að ofan. Eins og sjá má eru 50% sem svara *mjög góðu árangur* (grænt), 45% sem svara *góðu árangur* (gult) og 5% sem svara *meðal góðu árangur eða undir* (rautt). Niðurstöður sýna að starfsfólk Tröllaborgar *metur mjög góðan og góðan árangur* í 95% tilfella á skólaárinu 2024-2025. Farið var yfir niðurstöður á starfsmannafundum til að rýna í þær, ræða og finna út næstu skref.

## Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg í febrúar 2025. Könnunin mælir 31 þætti í 6 flokkum. Niðurstöður

hvers aldurhóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl. Svarhlutfall var 95,2% en samtals svöruðu 20 foreldrar af 21 könnuninni; 60% foreldra á Hofsósi og 40% foreldra á Hólum.

Könnuninni er skipt upp í sex efnisflokka; *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Að auki er foreldrum gefinn kostur á að koma með opin svör.

Niðurstöður voru kynntar öllu starfsfólki á starfsmannafundi í júní 2025, farið vel yfir niðurstöður og umræður teknar um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Úrbætur eru skráðar og farið aftur yfir þær í skólabyrjun í ágúst sama ár. Áhugavert er að skoða þróun skólans á milli ára og rýna í niðurstöðurnar. Hafa þarf í huga að sökum smæðar leikskólans, hefur hvert svar mikið vægi og skal rýna í niðurstöður með það fyrir augum.

#### 1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<a href="#">1.1. Ánægja með leikskólann</a>	94,7%	18 <sub>/19</sub>	12,3%	92,6%	3057 <sub>/3294</sub>	2,1%
<a href="#">1.2. Ánægja foreldra með stjórnun</a>	100,0%	18	10,5%	94,0%	3189 <sub>/3383</sub>	6,0%
<a href="#">1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum</a>	100,0%	12	0,0%	95,7%	1997 <sub>/2084</sub>	4,3%
<a href="#">1.4. Sérþarfir í mataræði</a>	30,0%	6 <sub>/20</sub>	15,0%	13,0%	452 <sub>/3476</sub>	17,0%*
<a href="#">1.5. Holt mataræði</a>	85,0%	17 <sub>/20</sub>	11,3%	89,6%	2952 <sub>/3289</sub>	-4,6%
<a href="#">1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu</a>	90,0%	18 <sub>/20</sub>	-5,0%	90,5%	3135 <sub>/3464</sub>	-0,5%

Í matsflokknum *dagleg leikskólastarf* kemur fram jákvæðar breytingar í öllum flokkum nema *ánægju með húsnæði og aðstöðu*. Þar svara 83,3% foreldra á Hofsósi að þeir séu ánægðir meðan 100% foreldra á Hólum eru ánægðir en í opnum svörum kom fram að aðstaða fyrir skólahóp mætti vera betri og möguleikar á að skipta barnahópnum upp mætti vera betri á Hofsósi. Vert er að vekja athygli á að *ánægja með leikskólann* hækkaði um 12,3% og *ánægja með sérþarfir í matvælum* hækkaði um 15% milli mælinga.

## 2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<a href="#">2.1. Vinnubrögð</a>	40,0%	4 <sub>/10</sub>	-30,0%	88,7%	1933 <sub>/2169</sub>	-48,7%*
<a href="#">2.2. Aðstaða</a>	80,0%	12 <sub>/15</sub>	8,6%	91,6%	2527 <sub>/2753</sub>	-11,6%
<a href="#">2.3. Félagsleg samskipti</a>	94,4%	17 <sub>/18</sub>	4,9%	95,4%	2550 <sub>/2670</sub>	-1,0%
<a href="#">2.4. Þátttaka án aðgreiningar</a>	85,7%	12 <sub>/14</sub>	-5,2%	96,8%	2149 <sub>/2221</sub>	-11,1%

Niðurstöðum úr matsþættinum *námsumhverfið* þarf að rýna vel í. Marktækur munur er á niðurstöðum úr *vinnubrögðum* en þar sýna niðurstöður að ánægja hefur minnkað um 30% frá síðustu mælingum. Undir þeim þætti eru fimm spurningar og niðurstöður tveggja þeirra sýna að 25% foreldra (3 svör) segja að þeir séu frekar ósammála að á deildinni eru notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barna, 10,5% foreldra (2 svör) er frekar ósammála um að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt og 5,9% (1 svar) er frekar ósammála um að barn sitt fái stuðning ef upp koma vandamál t.d varðandi hegðun eða sérþarfir. Þættirnir *aðstaða* og *félagsleg samskipti* mælast með meiri ánægju en í síðustu mælingu þó þeir séu undir landsmeðaltali. 88,9% foreldra eru mjög sammála og frekar sammála um að leikskólakennarar séu vakandi fyrir því öll börn tilheyri barnahópnum, sjá *þátttaka án aðgreiningar*.

## 3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<a href="#">3.1. Upplýsingamiðlun</a>	61,1%	11 <sub>/18</sub>	0,0%	78,0%	2219 <sub>/2836</sub>	-16,9%*
<a href="#">3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans</a>	78,9%	15 <sub>/19</sub>	8,9%	79,9%	2579 <sub>/3215</sub>	-1,0%
<a href="#">3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans</a>	100,0%	19	0,0%	93,4%	3054 <sub>/3263</sub>	6,6%
<a href="#">3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólstarfinu</a>	70,0%	14 <sub>/20</sub>	-2,2%	78,7%	2329 <sub>/2952</sub>	-8,7%
<a href="#">3.5. Tímasetning viðburða</a>	85,0%	17 <sub>/20</sub>	-3,9%	88,9%	2768 <sub>/3112</sub>	-3,9%
<a href="#">3.6. Heimasiða leikskólans</a>	100,0%	20	11,8%	84,5%	2209 <sub>/2595</sub>	15,5%
<a href="#">3.7. Leikskólasmáforrit</a>	95,0%	19 <sub>/20</sub>	-	87,0%	2849 <sub>/3272</sub>	8,0%

Í þættinum *samskipti við foreldra* er marktækur munur á matsþættinum *upplýsingamiðlun* miðað við landsmeðaltal. 35% (7 svör) segjast vera frekar ósammála því að þeir séu vel upplýstir um viðfangsefni sem unnin

eru á deildinni. 90% (18 svör) upplifa að þeir séu mjög sammála og frekar sammála að þeir fái að heyra að barninu sínu gangi vel. Matsþættirnir tengsl við starfsfólk leikskólans, heimasíðan og leikskólasmafforritið eru fyrir ofan landsmeðaltal. Foreldrar eru óánægðari með tímasetningu viðburða og hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu nú en í síðustu mælingu. Meiri aukning er með þekkingu á stefnu og námsskrá leikskólans nú en í síðustu mælingu.

#### 4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<a href="#">4.1. Leikskólabyrjun</a>	80,0%	4 <sub>/5</sub>	-	87,6%	900 <sub>/1018</sub>	-7,6%
<a href="#">4.2. Flutningur milli skólastiga</a>	100,0%	5	-	95,0%	578 <sub>/605</sub>	5,0%
<a href="#">4.3. Flutningur milli deilda</a>	100,0%	4	-	90,9%	1476 <sub>/1608</sub>	9,1%

Í matsþættinum má sjá að þeir fimm foreldrar sem svöruðu spurningum varðandi leikskólabyrjun var eitt sem var ekki ánægt með upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímabilinu. Flutningur milli skólastiga og milli deilda eru yfir landsmeðaltali.

#### 5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
<a href="#">5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings</a>	7,1%	1 <sub>/14</sub>	7,1%	14,8%	443 <sub>/3012</sub>	-7,7%
<a href="#">5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu</a>	5,0%	1 <sub>/20</sub>	5,0%	9,8%	320 <sub>/3257</sub>	-4,8%

Í þessum matsþætti má sjá að ánægja foreldra hefur dalað frá síðustu mælingum en er þó fyrir ofan landsmeðaltal. Í matsþættinum um hlutfall sérkennslu og stuðning svara 87,5% að barnið hafi fengið sérkennslu eða stuðning í leikskólanum. Eitt svar (7,1%) segir já við þessari spurningu og 2 svör (7,1%%) segjast vera á biðlista eftir sérkennslu og stuðning.

Í matsþættinum um hlutfall sérfræðipjónustu er eitt svar (5%) að óskað hafi verið eftir sérfræðipjónustu og barnið fengið hana, eitt svar (5%) var að barn hafi ekki fengið þjónustuna og tvö svör (10%) segjast vera á biðlista. 80% svara að ekki hafi verið þörf á sérfræðipjónustu.

Opnu spurningarnar voru tíu og er hér samantekt úr þeim. Í opnum spurningum um *hvað er gott við leikskólann* kom m.a. fram að barninu líður vel, komið er til móts við allar þarfir barnsins, jákvætt og gott starfsfólk, þægilegt andrúmsloft milli starfsfólks, börn fá val að fara út eða vera inni seinnipart dags, lítill leikskóli og þægilegt andrúmsloft, allir kennarar eru með á nóttunum, mötuneytið, Lubbastund, útivera, leikskólastjóri, aðstaðan, smæðin, útikennslan, útisvæðið, samfélagið, starfsfólk kurteist og gott og gott jafnvægi milli frjáls leiks og skipulagsleiks. *Það sem betur má fara í leikskólanum* er betra upplýsingaflæði milli starfsfólks, sumt starfsfólk mætti vera faglegra, fleiri gönguferðir, meiri útivera, fleiri og krefjandi verkefni fyrir skólahóp, meira af opnum efnivið, skipta barnahópnum meira upp eftir svæðum, öll matargerð og matarval og heyra meira hvernig barninu gengur dags daglega.

Annað sem kom fram í opnum svörum var minna af unnum matvælum, fjölbreyttari morgunmatur og nónhressing, útikennsla og aðstæður með besta móti, gríðarlega góður matur, kennarar mættu gefa sig meira að börnum í aðlögun til að byggja upp traust, vikupóstar mættu vera ítarlegri og að starfsfólk láti vita reglulega um hvernig gangi, bæði það sem gengur vel og það sem betur má fara hjá barninu.

## Áætlun um sjálfsmat 2025-2028

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Gulur litur táknar gæðagreina sem Tröllaborg hefur gert til að meta áhersluþætti í starfinu og er stefnt á að búa til gæðagreini um fagmennsku starfsfólks. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2025-2026	2026-2027	2027-2028
---------	-----------	-----------	-----------

haustönn	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna
	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat
	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi
	gg. 4.2 Þátttaka starfsmanna í starfi	gg. 4.1 Mötuneyti	
vorönn	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi
	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
		gg. 4.3 Samverustund	gg. 4.4 Tónlist
		gg. 4.5 Málörvun	gg. 4.6 Hópastarf
	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl
Febrúar		Foreldrakönnun Skólapúlsins	
Mars	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Annan hvern mán.	HR Monitor	HR Monitor	HR Monitor

### Skýrslur birtar

Október	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
Nóvember	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun

### Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er skólinn okkar?*

## Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

<b>Framúrskarandi</b>	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísi. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
<b>Mjög gott</b>	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
<b>Gott</b>	<b>Gott</b> Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

<b>Fullnægjandi</b>	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
<b>Slakt</b>	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans
<b>Ófullnægjandi</b>	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum